

**Fundinn sátu:**

Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen, Þórhalla Steinþórsdóttir, Helga Jóhannsdóttir (ritari), Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir (foreldraráð), Sunna Tryggvadóttir (NFMH), Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður), Margrét Nordahl.

**Forföll:** Karl Sigurðsson, Hildur Sverrisdóttir og Ragnar Guðmundson.

**Efni fundarins er eftirfarandi:**

1. Kosning formanns skólanefndar
2. Skólastarfið á haustönn
3. Gildi MH
4. Skólasóknarreglur
5. Fjárlögin 2020
6. Októberlota og aðkoma Nemenda- og hollvinasamtaka MH að vikunni
7. Önnur mál

**Kosning formanns skólanefndar:**

Frestað til næsta fundar.

**Skólastarfið á haustönn:**

1100 nemendur í skólanum. Í haust byrjuðu 250 beint úr grunnskóla og 43 eldir namar úr öðrum skólum.

Innanhússblaði starfsmanna, TéðogHeyrt var dreift til nefndarmanna þar sem eru kynningar á nýjum kennurum. Framkvæmdir eru í gangi, búið að loka gamla karlklósettinu á Matgarði og þar er verið að laga og breyta. Brotið verður á milli klósettanna og nýju klósettin verða kynlaus. Verið er að smíða skjalageymslu og ýmislegt í gangi. Verið er að vinna að áætlun um framkvæmdir næstu ára með arkitektum og fasteignum ríkisins.

**Gildi MH: Þekking – Ábyrgð - Virðing – Víðsýni:**

Gildi voru rædd á skólaþingi veturinn 2018 og hafa verið rædd á kennarafundum nokkrum sinnum og í vinnuhópum. Niðurstaðan er komin á blað. Þessi gildi viljum við taka upp og hafa að leiðarljósi í okkar starfi í MH. Spurning hvernig við kynnum gildin þannig að þau öðlist sess í skólastarfinu. Þurfum að finna í hvaða röð við viljum setja þetta fram og lesa betur yfir textann sem lýsa gildunum.

**Skólasóknarreglur:** Við teljum tíma til kominn að breyta fjarvistarreglum. Í dag taka nemendur á sig fjarvistir ef veikindi eru einn dagur. Ef veikindi eru tveir eða fleiri þá fá nemendur helming allra fjarvistanna frádregnar.

**Tillaga:** Nemendur taka á sig fjarvistir ef veikindi eru einn dagur. Ef veikindi eru lengri en einn dagur þá taka nemendur á sig fjarvistir fyrir fyrsta daginn, en allar fjarvistir eftir það eru frádregnar.

Tillögunni vel tekið og því fagnað að verið sé að taka skref í rétta átt. Munum ræða þetta aftur fyrir lok annar.

**Fjárlögin 2020:**

Steinn kynnti fjárlögin og fór yfir hvernig þau snerta MH. Umræða um foreldrafélagið og fjárframlög til þeirra. Foreldrafélagið nýtir sína peninga til að styðja við NFMH.

**Októberlota og aðkoma Nemenda- og hollvinasamtaka MH að vikunni:**

Októberlotan er 14. – 18. október. Fjóra daga vikunnar (ekki mánudagur) verður tíminn frá 11:15 – 12:00 nýttur fyrir viðburði á sal. Kennara sem tók hafa á koma með nemendur á sal. NHMH standa fyrir viðburðunum og Brynhildur Björnsdóttir er að skipuleggja þá.

**Önnur mál:**

- Sjálfsmatsskýrslan er á vefnum ef nefndarmenn vilja kíkja á hana.
- Bent var að grein eftir Lilju Alfreðsdóttur – Menntun svarar stafrænu byltingunni – mælt með að við lesum hana.
- Umræða um hvort kynjafræði eða forritun ætti að vera skilda í framhaldsskólum. Bent á að þetta á að tvinnast inn í nám, ekki endilega vera sér áfangi. Við í MH erum að stytta stúdentsprófið og þar með er erfitt að setja áfanga inn sem skyldu án þess að skerða frjálst val nemenda eða taka af öðrum skylduáföngum.